

Eintak án trúnaðar

Ákvörðun nr. 41/2021  
Föstudagurinn 29. október 2021

## Kaup Marel Iceland ehf. á Völku ehf.

### I. Samantekt og málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Marel Iceland ehf., dótturfélags Marel hf. („Marel“), á Völku ehf. („Valka“), en í kaupunum felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða rannsóknarinnar er að ekki séu forsendur til íhlutunar í málinu, eins og útskýrt er nánar í ákvörðun þessari.

#### Rannsóknin

2. Samruninn var tilkynntur þann 2. júlí 2021 og byrjuðu frestir til rannsóknar málsins að líða næsta virka dag. Við upphafsransókn Samkeppniseftirlitsins á fasa I gaf eftirlitið áhugasömum tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum vegna samrunans, sbr. frétt á heimasíðu eftirlitsins þann 12. júlí og umsagnarbeiðni til helstu aðila 12. og 13. júlí.
3. Samkeppniseftirlitinu bárust í framhaldinu rökstuddar athugasemdir við samrunann frá um tug umsagnaraðilum frá Íslandi og löndum í Evrópu, Norður-Ameríku og Eyjaálfu. Síðar við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið frekari sjónarmiða frá þessum aðilum og frá allmörgum aðilum til viðbótar, einkum íslenskum, en einnig komu fleiri erlendir aðilar sjónarmiðum á framfæri. Í heild bárust sjónarmið frá á þriðja tug fyrirtækja, bæði úr hópi viðskiptavina og keppinauta samrunaaðila. Margir umsagnaraðila gerðu athugasemdir við samrunann.
4. Samandregið beindust framangreindar athugasemdir einkum að því að samrunaaðilar hafa báðir yfir að ráða tækni við röntgengreiningu beina í fiskflökum, vatnsskurð og stýringu vatnsskurðar sem vernduð er með einkaleyfum og skapar samrunaaðilum verulegt samkeppnisforskot, að mati margra umsagnaraðila. Auk þess töldu sumir keppinautar samrunaaðila að sameinað fyrirtæki myndi verða í mjög sterkri stöðu í Evrópu á sviði tækja til frekari vinnslu á fiski. Vegna þessa, ásamt fleiru, myndi sameinað fyrirtæki ná sterkri stöðu á mikilvægum sviðum, ekki síst að því er varðar staðlaða vinnslu matvæla og nýtingu þeirra, einkum í fiskvinnslu. Þá væri erfitt að komast inn á íslenskan markað. Kynni samruninn að skaða hagsmuni viðskiptavina, þ.á m. innlendra sjávarútvegsfyrirtækja, sem og hagsmuni keppinauta. Jafnframt kynni samruninn að skaða framþróun í greininni. Samandregið töldu hagsmunaaðilar að samruninn myndi skaða samkeppni.
5. Athugasemdirnar voru þess eðlis að óhjákvæmilegt var að taka samrunann til nánari rannsóknar, þ.e. á fasa II, og var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi þann 6. ágúst sl.
6. Eins og rakið er nánar hér á eftir nær starf samrunaaðila, ekki síst Marel, til margra þátta matvælavinnslu. Marel þróar, framleiðir og selur tækjabúnað, hugbúnað og framleiðslukerfi til vinnslu á fiski, kjöti og alífuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu og sölu á hvers



kyns varahlutum tengdum starfseminni. Starf Völku beinist einkum að þróun, framleiðslu og sölu fiskvinnsluvéla og þjónustu þessu tengdu.

7. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beindist fyrst og fremst að þeim sviðum vinnslunnar þar sem báðir samrunaaðilar starfa, sbr. einnig athugasemdir viðskiptavina og keppinauta hér að framan. Athuginin laut einkum að vatnsskurðarvélum félaganna og þeirri röntgentækni og hugbúnaði sem þróaður hefur verið og eru varin með einkaleyfum.
8. Einnig varð ljóst að samruninn myndi ekki einvörðungu hafa þýðingu hér á landi heldur einnig alþjóðlega. Þannig bárust athugasemdir vegna hans frá þremur heimsálfum.
9. Með hliðsjón af þessu og í samræmi við heimildir og skyldur eftirlitsins, einkum í evrópsku<sup>1</sup> og norrænu samstarfi<sup>2</sup> samkeppniseftirlita, leitaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga hjá og e.a. hafði samstarf við eftirfarandi samkeppnisyrivöld vegna málsins: Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (DG Comp), þýska samkeppniseftirlitið (Bundeskartellamt), danska samkeppniseftirlitið og norska samkeppniseftirlitið.
10. Lutu samskipti og samstarf eftirlitsins við þessi eftirlit einkum að eftirfarandi: Í fyrsta lagi var fjallað um lögsögu við rannsókn málsins, í ljósi þess að samruninn hefur ekki einvörðungu áhrif hér á landi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum telst samruninn ekki tilkynningarskyldur annars staðar en hér á landi, en það útilokar þó ekki að önnur samkeppnisyrivöld láti samrunann til sín taka. Í öðru lagi var aflað upplýsinga hjá eftirlitunum um m.a. fordæmi og rannsóknir á vettvangi annarra eftirlita sem nýst gætu við mat á þessum samruna. Í þriðja lagi var fjallað um efnislegt mat á samrunanum og atriði tengd meðferð málsins.
11. Samkvæmt þeim upplýsingum sem eftirlitið hefur nú undir höndum, munu framangreind samkeppnisyrivöld ekki láta samrunann til sín taka að sínu frumkvæði.
12. Að öðru leyti en að framan greinir laut rannsókn eftirlitsins að samkeppnislegum áhrifum samrunans á starfsemi hér á landi. Í því efni leitaði Samkeppniseftirlitið margvíslegra upplýsinga frá samrunaaðilum, viðskiptavinum, keppinautum og íslenskum stjórnvöldum.
13. Í ljósi þess að rannsóknin beindist einkum að þýðingu fyrrgreindra vatnsskurðarvéla og tengdrar tækni, aflaði eftirlitið m.a. upplýsinga um efni gildandi einkaleyfa á þessu sviði og upplýsinga um búnað keppinauta sem uppfyllt getur sömu þarfir. Samhliða var aflað upplýsinga sem gefið gætu vísbendingar um þróun þessarar starfsemi og þýðingu á öðrum sviðum en í fiskvinnslu. Einnig var aflað upplýsinga um sölu á viðkomandi búnaði og vænta sölu, m.a. til þess að meta umfang og þýðingu þessa búnaðar og þjónustu vegna hans í innlendri fiskvinnslu. Þá var aflað ýmissa upplýsinga um viðskiptavinum hér á landi, þ. á m. til þess að varpa ljósi á mögulegan kaupendastyrk gagnvart samrunaaðilum.

#### *Niðurstaða*

14. Gögn í málinu gefa til kynna að staða Marel og Völku í sölu á vinnslulínum og þjónustu til íslenskra fiskvinnslufyrirtækja sé sterk. Þá gefa fyrirliggjandi upplýsingar til kynna að þátttaka Völku á markaðnum og þær nýjungar sem fyrirtækið hefur boðið upp á í vatnsskurði og tengdri

<sup>1</sup> Af aðild Íslands að EES-samningnum leiðir að eftirlitið tekur þátt í samstarfi evrópskra samkeppniseftirlita (European Competition Network), en þátttakan leiðir m.a. af verkaskiptingu framkvæmdastjórnar ESB, Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og samkeppniseftirlita í aðildarríkjum.

<sup>2</sup> Sérstakur samningur er í gildi um samstarf samkeppniseftirlita á Norðurlöndunum, frá 2014 (Agreement on Cooperation in Competition Cases). Sjá <https://www.samkeppni.is/media/skjol/nordic-agreement-on-cooperation-in-competition-cases.pdf>



tækni hafi haft jákvæð áhrif á samkeppni. Athugasemdir margra hagsmunaaðila styðja við þetta mat.

15. Á hinn bóginn liggur jafnframt fyrir að langflestir innlendra viðskiptavina Marel og Völku eru veltumikil fyrirtæki sem selja afurðir erlendis og mörg þeirra í stöðu til þess að veita sameinuðu fyrirtæki aðhald. Þá gefur athugun á fyrirliggjandi einkaleyfum og upplýsingar um getu keppinauta til þess að bjóða lausnir og þjónustu sem kæmi í stað búnaðar og tækni sameinaðs fyrirtækis, til kynna að samkeppnislegt aðhald sé til staðar af hálfu sterkra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði og í sölu og þjónustu hér á landi.
16. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið einnig upplýsinga um veltu í sölu á vatnsskurðarvélum væntingar um mögulega sölu hér á landi á næstu árum. Þær upplýsingar gáfu ekki frekari vísbendingar um að ástæða væri til íhlutunar í málinu. Að framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar í málinu.
17. Í ljósi þessarar niðurstöðu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á mörkuðum í málinu. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hins vegar mögulegt að skipta markaðnum fyrir vinnslu dýraafurða í vélar og tæki fyrir frumvinnslu (e. *primary processing*) annars vegar og fullvinnslu hins vegar (e. *further processing*). Þá er jafnframt mögulegt að sundurgreina þessa tvo markaði eftir dýrategundum. Að mati Samkeppniseftirlitsins benda gögn málsins ennfremur til þess að vísbendingar séu um að landfræðilegur markaður málsins sé stærri en Ísland og eftir atvikum EES-svæðið.

*Forviðræður og beiðni um undanþágu til að framkvæma samrunann*

18. Halda ber því til haga að samrunaaðilar, og þá einkum Valka, hafa lagt áherslu á skjóta úrlausn málsins. Í aðdraganda samrunatilkynningar óskuðu samrunaaðilar m.a. eftir forviðræðum þar sem Samkeppniseftirlitið leitaðist við að fá skýra mynd af málinu og helstu athugunarefnum.
19. Upplýsingar sem veittar voru í tengslum við forviðræðurnar bentu til þess að um evrópska eða alþjóðlega markaði væri að ræða og ekki komu í viðræðunum fram vísbendingar um alvarlegar samkeppnishindranir. Slíkar vísbendingar komu hins vegar fram strax á I. fasa rannsóknarinnar, sbr. nánari umfjöllun um athugasemdir keppinauta og viðskiptavina. Forviðræðurnar nýttust því ekki sem skyldi til þess að hraða meðferð málsins.
20. Í tengslum við formlega tilkynningu samrunans óskuðu samrunaaðilar jafnframt eftir heimild til þess að framkvæma samrunann á meðan eftirlitið fjallaði um hann, sbr. 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari rökstuðningi fyrir beiðninni. Í kjölfarið var það sameiginlegur skilningur samrunaaðila og eftirlitsins að reyna skyldi á hvort mögulegt væri að heimila samrunann á fasa I áður en afstaða yrði tekin til undanþágu. Ómögulegt reyndist þó að ljúka rannsókn málsins á fasa I í ljósi framkominna sjónarmiða hagsmunaaðila, eins og rakið er hér að framan. Eftir að rannsókn hófst á fasa II gerðu samrunaaðilar ekki frekari reka að því að fá undanþágu til að framkvæma samrunann.
21. Í ljósi sjónarmiða samrunaaðila um mikilvægi skjótrar úrlausnar hefur Samkeppniseftirlitið upplýst þá reglulega um stöðu málsins, bæði á fundum og bréflega, sbr. m.a. bréf eftirlitsins til samrunaaðila, dags. 27. ágúst sl. Þar er gerð grein fyrir framkomnum athugasemdum við samrunann og fjallað um ástæður frekari rannsókna og að hverju hún muni lúta. Þá er fyrirtækjunum leiðbeint með því að vekja athygli á úrræðum félaganna til þess að greiða fyrir rannsókn málsins og e.a. framkvæmd samrunans. Meðal annars og er vakin athygli á að það sé á forræði samrunaaðila að ákveða hvort tilefni sé til undanþágu til að framkvæma samrunann á meðan rannsókn standi yfir. Eins og áður segir var því ekki fylgt eftir af hálfu samrunaaðila.



22. Samkeppniseftirlitið hefur hraðað rannsókn málsins eins og kostur er.

## II. Samruninn

23. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Marel á Völku felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, auk þess sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### 1. Samrunaaðilar

24. Í samrunaskrá kemur fram að Marel Iceland ehf. sé í 100% eigu Marel hf. Upplýsingar í samrunaskránni taki þar af leiðandi til Marel samstæðunnar. Marel Iceland ehf. hafi ekki yfir öðrum fyrirtækjum að ráða.
25. Þá segir að Marel hf. sé íslenskt hlutafélag sem þrói, framleiði og selji tækjabúnað, hugbúnað og framleiðslukerfi til vinnslu á fiski, kjöti og alífuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu og sölu á hvers kyns varahlutum tengdum starfseminni. Marel sé skráð á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland (Kauphöllin) og Euronext Amsterdam í Hollandi. Félagið sé með yfir 6.000 starfsmenn og starfsemi í um 30 löndum í sex heimsálfum og selji tæki og vélar um allan heim. Marel sé móðurfélag samstæðu sem samanstendur af fjölda dótturfélaga.<sup>3</sup>
26. Í samrunaskrá segir að starfsemi Marel sé gjarnan sundurgreind í þrjá kjarnamarkaði sem Marel þrói og framleiði tækjabúnað fyrir, sem skiptast eftir eðli dýraafurðarinnar sem um ræðir.
- Starfsemi Marel sem nefnd sé „Marel alífuglakjöt“ (e. *Marel Poultry*) feli í sér þróun og framleiðslu á háþróuðum búnaði, kerfum og hugbúnaði til vinnslu á alífuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Félagið bjóði þannig upp á lausnir í iðnaði fyrir vinnslu á kjúklinga-, anda- og kalkúnakjöti, þ.m.t. tæki, kerfi, hugbúnað og þjónustu fyrir frumvinnslu (e. *primary processing*) og fullvinnslu (e. *further processing*).
  - Starfsemi Marel sem nefnd sé „Marel kjöt“ (e. *Marel Meat*) feli í sér þróun og framleiðslu á háþróuðum búnaði, kerfum og hugbúnaði til vinnslu á svína-, nauta-, kálfa- og kindakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Lausnir félagsins í vélum fyrir vinnslu á kjöti nái bæði til frumvinnslu og fullvinnslu.
  - Starfsemi Marel sem nefnd sé „Marel fiskur“ (e. *Marel Fish*) feli í sér þróun og framleiðslu á háþróuðum búnaði, kerfum og hugbúnaði á fiski, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Félagið bjóði takmarkaðar lausnir fyrir frumvinnslu á fiski en er með fleiri lausnir fyrir fullvinnslu á fiski.
27. Þar að auki þrói og framleiði Marel búnað fyrir markaði sem teljist ekki til ofangreindra þriggja kjarnamarkaða, s.s. á markaði fyrir grænmeti, mjólkurvörur, brauðmeti og dýrafóður, en starfsemi Marel á þessum mörkuðum sé takmörkuð. Þess utan þrói og selji Marel vörur í mjög

<sup>3</sup> Dótturfélög Marel eru eftirfarandi: Asturhraun ehf., Curio ehf., Marel GmbH & Co. KG, Marel SA Ltd., Marel AS, Marel Australia Pty Ltd., Marel Food Systems LLC, Marel Food Systems Ltd., Marel Holding B.V., Marel Iceland ehf., Marel Korea Limited, Marel Ltd, Marel Norge AS, Marel Sistemas de Proceso de Alimentos de Mexico, S.A. de C.V.



takmörkuðum mæli á öðrum mörkuðum, s.s. vatnshreinsibúnað og klakavélar, en vegna afar takmarkaðs umfangs sé ekki talin þörf á að fjalla frekar um þá starfsemi í samrunaskrá.

28. Þá kemur fram í samrunaskrá að Valka sé íslenskt einkahlutafélag sem þrói, framleiði og selji fiskvinnsluvélar auk þess sem félagið sjái um þjónustu sem tengist viðhaldi á vélunum og sölu á hvers kyns varahlutum tengdum starfseminni. Valka sé í eigu 42 hluthafa og félagið sé með yfir 100 starfsmenn. Valka fer með yferráð yfir Valka AS, sem er með starfsemi í Noregi.
29. Þá segir í samrunaskrá að aðdragandi samrunans sé sá að Marel hafi talið Völku vera áhugavert fjárfestingatækifæri í nokkurn tíma. Óformlegar viðræður á milli aðila hafi hafist í apríl 2021 sem leitt hafi til undirritunar viljayfirlýsingar um miðjan maí 2021 þar sem Marel hafi lýst yfir vilja til að kaupa Völku.
30. Þá segir að tilgangur samrunans sé [

]⁴

## 2. Markaðir málsins

31. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.

### 2.1. Vöru- og þjónustumarkaður

32. Í samrunaskrá segir að sá yfirmarkaður þar sem starfsemi samrunaaðila skarist sé markaðurinn fyrir þróun, framleiðslu og sölu á búnaði til vinnslu á dýraafurðum, auk tengdrar þjónustu og sölu varahluta. Samrunaaðilar telji að rétt sé að velta upp sömu sjónarmiðum og hafi legið til grundvallar ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB frá 21. apríl 2008 í máli nr. M.5125, *Marel/SFS*, til frekari sundurgreiningar á þeim markaði sem starfsemi samrunaaðilar skarist. Þannig telji samrunaaðilar að skipta megi markaðnum upp eftir yfirflokki þeirra dýraafurða sem um ræði annars vegar og á hvaða stigi vinnslunnar búnaðurinn sé notaður hins vegar.
33. Þá segir í samrunaskrá að Marel framleiði og selji búnað fyrir fiskvinnslu, kjötvinnslu og vinnslu á alifuglakjöti. Valka sé þó einungis með búnað fyrir fiskvinnslu. Af því leiði að starfsemi samrunaaðila skarist eingöngu hvað varði markað fyrir sölu á búnaði fyrir vinnslu á fiski. Unnt sé að skipta markaðnum frekar upp eftir því hvaða stigi vinnslunnar búnaðurinn þjóni.
34. Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft umræddan markað til sérstakrar skoðunar í fyrri málum, sbr. þó ákvörðun eftirlitsins nr. 4/2014, *Samruni I.Á. Hönnunar ehf. og 3X Technology ehf.* Við mat á skilgreiningu markaðar var því einkum litið til erlendra fordæma.

---

⁴ Trúnaðarupplýsingar eru birtar innan hornklofa. Sé um tölulegar upplýsingar eru þær birtar á bili.



35. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 21. apríl 2008 í máli nr. M.5125, samruna Marel Food Systems hf. og Stork Food Systems, var markaðsskilgreiningunni haldið opinni þar sem það hafði ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Við rannsóknina var því þó velt upp að mögulegt væri að skipta mörkuðum í frumvinnslu (e. *primary processing*) annars vegar og fullvinnslu (e. *further processing*) hins vegar. Í málinu var jafnframt velt upp að fullvinnslu gæti mögulega verið skipt upp í þrjá undirmarkaði; þ.e. frekari vinnslu (e. *secondary processing*), fullvinnslu (e. *further processing*) og skipulagningu og ferla (e. *process and logistical control*).
36. Í ákvörðun tyrkneskra samkeppnisyfirvalda frá 24. janúar 2008 í máli nr. 08-08/91-31, samruna Marel Food Systems hf. og Stork Food Systems, voru skilgreindir fjórir markaðir og þeir aðgreindir eftir stigi vinnslu og dýrategund.
37. Í ákvörðun þýskra samkeppnisyfirvalda frá 13. mars 2006 í máli nr. B4-240/05, samruna Systemate Group B.V., Altor 2003 GP Limited, Altor Limited og Meyn Holding B.V., var skilgreindur markaður fyrir vélar og tæki til frumvinnslu á fuglakjöti (e. *equipment and machinery for primary processing of poultry*).
38. Í þeim umsögnum sem Samkeppniseftirlitinu barst kemur m.a. fram að vélar Marel og Völku geti komið auga á og fjarlægt bein úr fiski með áreiðanlegum hætti með því að nýta röntgen- og vatnsskurðartækni. Rök standi til að greina markað fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir frumvinnslu á fiski nánar í undirmarkaði. Samrunaaðilar bjóði upp á hugbúnaðarlausnir í tengslum við tækjabúnað til vinnslu á fiski, og um sérstakan markað geti verið að ræða fyrir hönnun og sölu á hugbúnaði fyrir tækjabúnað til vinnslu á fiski sé að ræða í skilningi samkeppnisréttar. Einnig bjóði samrunaaðilar upp á sambærilegar lausnir í tækjabúnaði fyrir vinnslu á fiski við flokkun og vigtun og vatnsskurð.
39. Við skilgreiningu vöru- og þjónustumarkaðar leit Samkeppniseftirlitið m.a. til erlendra fordæma, aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá samrunaaðilum, keppinautum, viðskiptavinum, öðrum hagaðilum og systur eftirlitum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mögulegt að skipta markaðnum fyrir vinnslu dýraafurða í vélar og tæki fyrir frumvinnslu (e. *primary processing*) annars vegar og fullvinnslu hins vegar (e. *further processing*). Þá sé jafnframt mögulegt að sundurgreina þessa tvo markaði eftir dýrategundum. Með hliðsjón af niðurstöðu þessa máls er hins vegar ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til skilgreiningu markaðarins.

## 2.2. Landfræðilegur markaður

40. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji markaðinn fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir fiskvinnslu, þ.m.t. frumvinnslu og fullvinnslu, vera alþjóðlegan, eða að minnsta kosti Evrópa (þ.m.t. Rússland og Tyrkland). Samrunaaðilar og keppinautar þeirra selji vörur út um allan heim og keppist m.a. um athygli framleiðenda á stórum alþjóðlegum sölusýningum. Vélar séu bæði fluttar út frá Íslandi og eins séu vélar fluttar inn, sem staðfesti að skilgreina beri markaðinn stærri en Ísland.
41. Hvort markaðurinn sé álitinn alþjóðlegur eða takmarkaður við Evrópu telja samrunaaðilar þó ekki skipta höfuðmáli fyrir mat á samkeppnislegum áhrifum hins fyrirhugaða samruna þar sem samruninn muni hvorki skapa né styrkja markaðsráðandi stöðu óháð því hvorri landfræðilegu markaðsskilgreiningu sé beitt.
42. Í umsögnum flestra hagsmunaaðila sem tjáðu sig um samrunann kom fram það mat að landfræðilegur markaður sé Evrópa. Einn hagsmunaaðila taldi mögulegt að hægt væri að skilgreina Ísland sem sjálfstæðan markað vegna sérstöðu hans. Smæð markaðarins og



tengingar inn á íslenskan markað geri það að verkum að erlendir aðilar eigi erfitt með að setja upp starfsemi á Íslandi á þessu sviði.

43. Að mati Samkeppniseftirlitsins benda gögn málsins til þess að vísbendingar séu um að landfræðilegur markaður málsins sé stærri en Ísland og eftir atvikum EES-svæðið. Með hliðsjón af niðurstöðu þessa máls er þó ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar markaðarins.

### **3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins**

44. Markaðshlutdeild hefur mikið að segja þegar samkeppnisleg áhrif samruna eru metin. Við mat á markaðshlutdeild er að jafnaði stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi fyrirtækja um tekjur þeirra vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem um ræðir á síðasta heila almanaksári eða eftir atvikum fleiri undangengnum árum, sbr. t.d. ársreikninga eða árshlutauppgjör eða nánari sundurliðun á tekjum eftir því sem við á í hverju máli.
45. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji vöru- og þjónustumarkað málsins vera markað fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir fiskvinnslu. Í samrunaskrá kemur fram mat samrunaaðila á markaðshlutdeild sinni miðað við þrjár mismunandi skilgreiningar á landfræðilegum markaði málsins. Samrunaaðilar áætluðu markaðshlutdeild sína með þeim fyrirvara að Ísland væri ekki sérstakur landfræðilegur markaður.
46. Stærð markaðarins fyrir framleiðslu og sölu á búnaði til fiskvinnslu er að mati samrunaaðila 1.800 m. EUR ef landfræðilegi markaðurinn er allur heimurinn, 630 m. EUR sé landfræðilegi markaðurinn Evrópa og 138 m. EUR sé markaðurinn Ísland. Samrunaaðilar telja að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila sé [5-10]% sé markaðurinn allur heimurinn, [15-20]% sé markaðurinn Evrópa og [20-25]% sé markaðurinn Ísland.
47. Á markaði fyrir framleiðslu og sölu á búnaði til fiskvinnslu starfar að mati samrunaaðila fjöldi annarra fyrirtækja. Í samrunaskrá kemur fram að ekki hafi verið unnt að greina hversu stór hluti veltu keppinauta væri vegna búnaðar til fiskvinnslu sérstaklega, en þar kemur þó fram heildarvelta helstu keppinauta samkvæmt nýjustu birtu ársreikningum þeirra. Af þremur stærstu megi nefna JBT FoodTech með 1.083 m. EUR heildarveltu, GEA með 895 m. EUR og Ishida með 780 m. EUR en aðrir keppinautar eru með minni heildarveltu.
48. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið nægjanlegt að líta til þeirra gagna sem samrunaaðilar hafa lagt fram um markaðshlutdeild á mörkuðum málsins og þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í samtölum við hagaðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur markaðshlutdeild samrunaaðila ekki tilefni til þess að ætla að samruninn komi til með að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

### **4. Sjónarmið um áhrif samrunans**

49. Í samrunaskrá kemur fram að mati samrunaaðila muni samruninn hafa jákvæð áhrif í för með sér fyrir neytendur til skemmri jafnt sem lengri tíma lítið. Áhrif samrunans muni til skemmri tíma gefa viðskiptavinum kost á að bæta heildarnýtingu, auka afköst og fá tækifæri á að kaupa þróaðri vélar. Hagræðingin og auknir möguleikar í framleiðslu á endavörum sem samruninn feli í sér fyrir útgerðir muni til lengri tíma skila neytendum meiri gæðum á betra verði sem og fjölbreyttari vöruúrvali.
50. Þá segir í samrunaskrá að aðgangur að markaði og öðrum tengdum mörkuðum málsins sé tiltölulega greiður, enda sé hægt að benda á ýmsa aðila sem hafi haslað sér völl á markaði



undanfarin ár. Megi þar nefna Knuro AS, 4fish ehf. og Kaj Olesen A/S. Hins vegar sé ljóst að töluverður aðgangskostnaður sé að markaðnum, enda geti tekið tíma að þróa samkeppnishæfan búnað. Samrunaaðilar telji að ekki séu til staðar aðgangshindranir í lögum, s.s. leyfisveitingar stjórnvalda eða slíkt. Marel sé þó með einkaleyfi á stórum hluta þeirra lausna sem félagið bjóði. Samkeppnisaðilar hafi á sama hátt margir hverjir sótt um og fengið einkaleyfi fyrir sínum lausnum. Þó virðist, að mati samrunaaðila, vera tiltölulega auðvelt að þróa sig framhjá einkaleyfum.

51. Með tölvupósti, dags. 12. og 13. júlí 2021, gaf Samkeppniseftirlitið 19 hagsmunaaðilum færi á að koma að athugasemdum um fyrirhugaðan samruna Marel og Völku. Þann 12. júlí 2021 birti Samkeppniseftirlitið jafnframt frétt á heimasíðu sinni þar sem óskað var eftir umsögnum um samrunann. Umsagnir bárust frá 10 hagsmunaaðilum.
52. Að mati keppinauta eru samrunaaðilar í sterkri stöðu í framleiðslu og sölu á búnaði til vinnslu á fiski og þá einkum frekari vinnslu. Auk þess séu samrunaaðilar einu fyrirtækin sem framleiði og selji vatnsskurðarvélar tengdar röntgentækni fyrir fisk á Íslandi og með samrunanum myndi sterk staða Marel hér á landi styrkjast enn frekar sem myndi gera keppinautum enn erfiðara fyrir að komast inn á markaðinn. Þó tóku keppinautar fram að sterk staða samrunaaðila í þessum vélum væri ekki megináhyggjuefnið vegna samrunans og aðrar lausnir væru í boði á markaðnum. Keppinautar höfðu einkum áhyggjur af sterkri stöðu Marel.
53. Samkeppniseftirlitið átti samtöl við níu viðskiptavinum samrunaaðila í síma dagana 6. og 7. september 2021. Í samtölunum kom m.a. fram að vatnsskurðarvélar fyrir fisk sem samrunaaðilar framleiða og selja sé hluti af fiskvinnsluferlinu. Allir viðskiptavinir sem eftirlitið ræddi höfðu keypt slíkar vélar frá öðrum hvorum samrunaaðila. Í samtölunum kom fram að samrunaaðilar séu einu tvö fyrirtækin sem framleiði og selji vatnsskurðarvélar tengdar röntgentækni fyrir fisk á heimsvísu og fyrir samrunann sé ekki mikil samkeppni. Eftir samrunann komi Marel þannig til með að vera í einokunarstöðu á markaðnum sem komi til með að gera viðskiptavinum erfitt fyrir að semja við Marel. Í samtölunum kom jafnframt fram að umræddar vélar henti þó aðeins í tiltekna vinnslu fiskis, eins og staðan er í dag. Það er stærri vinnslur sem þurfa að skila stöðluðum beinhreinsuðum afurðum, s.s. í neytendapakkingar fyrir stórmarkaði og til skyndibitakeðja.
54. Þá kom fram í samtölunum að rannsóknir og þróun á vélunum skipti miklu máli og með samrunanum verði til sterkara fyrirtæki sem fyrirtækin hefðu væntingar til að gætu þróað betri vörur. Vélarnar væru enn í þróun og langt væri í að til yrði stöðluð vara sem unnt væri að keppa um verð í. Þá kom fram að viðskiptavinir myndu leita til erlendra fyrirtækja ef fyrirtæki hér á landi uppfylltu ekki þarfir þeirra þegar kæmi að vöruframboði, verði eða gæðum.

### III. Niðurstaða

55. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
56. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga og sjónarmiða frá samrunaaðilum, keppinautum, viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum. Þá átti Samkeppniseftirlitið fundi





með framkvæmdastjórn ESB, ESA, systureftirlitum í Danmörku, Noregi og Þýskalandi og Hugverkastofu.

57. Gögn í málinu gefa til kynna sterka stöðu Marel og Völku í sölu á vinnslulínum og þjónustu til íslenskra fiskvinnslufyrirtækja. Þá gefa fyrirliggjandi upplýsingar til kynna að þátttaka Völku á markaðnum og þær nýjungar sem fyrirtækið hefur boðið upp á í vatnsskurði og tengdri tækni hafi haft jákvæð áhrif á samkeppni. Athugasemdir margra hagsmunaaðila styðja við þetta mat.
58. Á hinn bóginn liggur jafnframt fyrir að langflestir innlendra viðskiptavina Marel og Völku eru burðug fyrirtæki sem selja afurðir erlendis og mörg þeirra í stöðu til þess að veita sameinuðu fyrirtæki aðhald. Þá gefur athugun á fyrirliggjandi einkaleyfum og upplýsingar um getu keppinauta til þess að bjóða lausnir og þjónustu sem kæmi í stað búnaðar og tækni sameinaðs fyrirtækis, til kynna að samkeppnislegt aðhald sé til staðar af hálfu sterkra alþjóðlegra fyrirtækja í sölu og þjónustu hér á landi. Sem dæmi var velta matvælavinnsluhluta JBT, eins stærsta keppinautarins, um 166 ma. kr. árið 2020, velta Marel um 190 ma. kr. og velta Völku 2,6 ma. kr.<sup>5</sup>
59. Þá kom fram í samtölum Samkeppniseftirlitsins við stærstu innlendu viðskiptavinum samrunaaðila að viðskiptavinir myndu leita til erlendra fyrirtækja ef fyrirtæki hér á landi uppfylltu ekki þarfir þeirra þegar kæmi að vöruframboði, verði eða gæðum.
60. Við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið einnig upplýsinga um veltu í sölu á vatnsskurðarvélum væntingar um mögulega sölu hér á landi á næstu árum. Þær upplýsingar gáfu ekki frekari vísbendingar um að ástæða væri til íhlutunar í málinu
61. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hindri virka samkeppni sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

#### IV. Ákvörðunarorð:

**„Kaup Marel Iceland ehf. á rekstri Völku ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>5</sup> Miðað við gengi Evru 28. október 2021.